

Bláskógaskóli á Laugarvatni óskar eftir umsóknum í eftirfarandi stöður fyrir skólaárið 2018-2019, framtíðarstörf í boði:

- Leikskólakennarar á leikskóladeild
- Umsjónarkennari í teymiskennslu á miðstigi
- Umsjónarkennari í teymiskennslu á elsta stigi
- Smíðakennsla
- Tónmenntakennsla
- Handavinna
- Sérkennsla



Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf á viðkomandi skólastigi og /eða háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Áhugi á útinámi og fjölbreyttum kennsluháttum
- Reynsla af teymisvinnu er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum er mikilvæg
- ART þjálfari er kostur
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekinn leik og grunnskóli í Bláskógabyggð sem leggur meðal annars mikla áherslu á samfellu á milli skólastiganna, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Útinám er stór þáttur í stefnu skólans og mikilvægt er að kennarar og starfsmenn skólans upplifi tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta útvið. Grunnþættir menntunar ramma inn helstu áherslupætti í námi nemenda þvert á skólastig.

Í skólanum er lögð áherslu á góða samvinnu allra. Við leggjum áherslu á að þeir sem tilheyra starfsmannahópnum upplifi hann sem eina heild. Námsumhverfi nemenda endurspeglar meðal annars í ánægðu og samstilltu starfsfólki. Í teymisvinnu kennara er lögð sérstök áhersla á samvinnu og góð samskipti.

Störfín henta jafnt körlum sem konum.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is